





Þingeyjarsveit

Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 -2022



Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, nýtt virkjunarsvæði í Svartá í Bárðardal.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar leggur til að Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 verði breytt þannig að skilgreint verði nýtt 9 ha svæði fyrir vatnsaflsvirkjun í Svartá í Bárðardal.

Unnið verður deiliskipulag fyrir framkvæmdina. Nánara mat mun fara fram á deiliskipulagsstigi þar sem fyrir munu liggja frekari forsendur varðandi uppbygginguna. Fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir eru tilkynningaskýldar til Skipulagsstofnunar skv. 1. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

BREYTINGAR Á UPPDRÁTTUM

Nýtt iðnaðarsvæði ÍÐ 07 og lega jarðstrengs og ljóseleiðara eru færð inn á sveitarfélagsupprátt og staðsetning veitna er sýnd í viðauka VII á skýringarupprætti S-09, Veitur, stofnkerfi.

BREYTINGAR Á GREINARGERÐ

KAFLI 3.4 IÐNAÐUR O.FL.

Við grein 3.4.1 Vatnsaflsvirkjanir, verða gerðar eftirfarandi viðbætur:

> Svartárvirkjun

Ný virkjun í Svartá í Bárðardal.

Svæðið sem um ræðir er á austari bakka Svartár og nær frá um 1,5 km frá ármótum Svartár og Skjálfandafljóts og rúma 3 km upp með ánni. Skipulagssvæðið er rúmr 9 ha að stærð og samanstendur af stíflum, aðrennissigöngum stöðvarhúsi og jöfnunarþró. Áætlað uppsett afl er 9,8 MW. Skipulagssvæðið er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi og hefðbundinn landbúnaður er stundaður í næsta nágrenni.

KAFLI 4.7 IÐNAÐAR- OG ATHAFNASVÆÐI

Við grein 4.7.1 Laxárvirkjun og Árteigsvirkjun, verða gerðar eftirfarandi viðbætur:

> Svartárvirkjun

ÍÐ-07: Svæði fyrirhugaðar Svartárvirkjunar er um 9 ha að stærð. Í aðalskipulagi þessu er skilgreint iðnaðarsvæði um 9 ha sem nær yfir öll tæknimannvirkni Svartárvirkjunar. Iðnaðarsvæðið er sérhæft fyrir orkuvinnslu og þjónustu tengt henni og óheimilt er að nýta það til annarrar iðnaðarstarfsemi sem annars er að jafnaði heimil á iðnaðarsvæðum.

KAFLI 4.12 VEITUR.

Í kafla 4.12.1 Rafveita, verða gerðar eftirfarandi viðbætur:

> Jarðstrengur Svartárvirkjun-Laxárstöð

Í tengslum við virkjun Svartár í Bárðardal verður lagður 47 km 33 kV jarðstrengur samhliða ljóseleiðara frá virkjunarstað að tengivirki Landsnets við Laxárvirkjun.

Í kafla 4.12.5 Fjarskipti, verða gerðar eftirfarandi viðbætur:

Í tengslum við virkjun Svartár í Bárðardal verður lagður 47 km ljóseleiðari samhliða jarðstreng frá virkjunarstað að tengivirki Landsnets við Laxárvirkjun.

UMHVERFISSKÝRSLA

Samantekt

Forsendur aðalskipulagsbreytingarinnar eru þær að SSB Orka hyggst reisa virkjun í Svartá í Bárðardal. Áætlað er að stífla Svartá í Bárðardal um 0,4 km ofan við ármót Grjótar sem fellur í hana að austanverðu. Sambyggð stífla og intaksvirki eru ráðgerð sem um 30 m langur steypur þröskuldur þvert á árfaraveginn með lokum ofan á. Aðrennisslípa virkunarinnar er ráðgerð úr trefjaplásti um 2,9 m í þvermál og u.þ.b. 3100 m löng. Pipuleiðin er valin meðfram Svartá á hægri bakka árinna og verður hún öll niðurgrafin og fyllt að henni. Á fyrirborði verður endurfyllt með gróðurmold enda liggur pipuleiðin að mestu um gróið land. Til þess að jafna þrýstingssveiflur í aðrennisslípuinni við breytilegt álag stöðvarinnar er gert ráð fyrir að steypa jöfnunarþró skammt ofan við stöðvarhúsið og bakka Svartár. Stöðvarhúsinu verður valinn staður skammt frá bakka Svartár, um 0,7 km frá vegi þar sem hann sveigir frá ánni upp til móts við bæinn Bjarnastaði. Uppsett afl virkunarinnar er fyrirhugað 9,8 MW. Leggja á um 47 km langan 33 kV jarðstreng ásamt ljóseleiðara frá virkjun að tengivirki Landsnets við Laxá (Laxárvirkjun).

Viðfangsefni breytingarinnar er skilgreining á nýju iðnaðarsvæði (ÍÐ-07), um 7 ha svæði Svartárvirkjunar við bakka Svartár í Bárðardal. Iðnaðarsvæðið, virkjun og lega jarðstrengs verða merkt inn á sveitarfélagsupprátt.

Í umhverfismati áætlaða með breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar voru umhverfisáhrif metin vegna breytingarinnar. Horft var til eftirfarandi fjögurra þátta vegna mats á umhverfisáhrifum breytingarinnar; landslags, gróðurs, útivistar og tómtunda og menningarmínja.


Þrátt fyrir nokkuð neikvæð áhrif skipulagstillögunar á umhverfisþættina landslag, gróður og útivist og tómtundir á afmörkuðu svæði eru áhrifin talin óveruleg með tilliti til sveitarfélagsins sem heildir. Virkjun vatnsafls hefur almennt í för með sér einhver neikvæð áhrif á umhverfisþætti og því er markmið tillögunnar að reyna að lágmarka þau áhrif eins og kostur er.

Þar sem ekki er um veruleg umhverfisáhrif að ræða er ekki gert ráð fyrir sérstakri vöktun umhverfisþátta umfram venjubundið eftirlit á framkvæmda- og rekstrartíma.

Tafla 6.1 Umhverfisþættir sem tengjast aðalskipulagsbreytingu

UMHVERFISÞÆTTIR	Umhverfisþáttur tengist aðalskipulagsbreytingu		Skýringar
	Já	Nei	
Náttúra eða menning			
Landslag	x		Breyting á landnotkun er líkleg til að hafa áhrif á landslag
Jarðmyndanir	x		Svæðið er ekki á náttúrumínjaskrá en sýnilegt nútímahraun er á vesturbakka árinna
Vatnafar	x		Virkjun árinna hefur áhrif á vatnafar
Strandsvæði		x	Svæðið er ekki á strandsvæði
Gróður	x		Votlendi er á svæðinu sem gæti orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar
Dýralíf	x		Virkjun árinna getur haft áhrif á dýralíf hennar, s.s. fiskistofna
Náttúrumínjar		x	Engar þekktar náttúrumínjar eru á svæðinu
Menningarmínjar	x		Menningarmínjar eru innan virkjunarsvæðisins
Heilsa og öryggi			
Náttúruvá		x	Ekki er talin stafa hættu af flóðum á svæðinu. Ekki er heldur talin hættu á ofanflóðum á svæðinu
Hljóðvist		x	Ekki eru taldir líkur á áhrif á hljóðvist á svæðinu
Loftgæði		x	Ekki eru taldir líkur á áhrif á loftgæði á svæðinu
Samfélag			
Útivist og tómtundir	x		Veði er stundað í Svartá og líklegt er að einhverja áhrifa muni gæta þar
Samgöngur		x	Breytingin er ekki talin hafa áhrif á samgöngur
Bygðamynstur		x	Breytingin er ekki talin hafa áhrif á bygðamynstur
Efnahagur			
Verðmæti lands		x	Breytingin er ekki talin hafa áhrif á verðmæti lands
Atvinnulíf		x	Breytingin er ekki talin hafa mikil bein áhrif á atvinnulíf, en orka innan svæðis gæti stuðlað að atvinnuuppbyggingu

Greinargerð og umhverfisskýrsla dags í september 2015 eru einnig hluti aðalskipulagsbreytingarinnar.



Hluti af Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022

■ Svæðið sem breytingin nær yfir

HELSTU SKÝRINGAR

■ Svæðið sem breytingin nær yfir

■ Iðnaðarsvæði

■ Háspennulínur

■ Jarðstrengur

■ Ljóseleiðar

■ Lögbýli

■ Eyðibýli

■ Landbúnaðarsvæði

■ Öbyrgt svæði

■ Stofnvegir

■ Tengivegir

■ Héraðs- og landsvegir og aðrir vegir

■ Eða slóðar - Aðeins til skýringar

■ Helstu göngu- og reiðleiðir

■ Vatnssvæði Myvatns og Laxár

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð skv. 30.-32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var auglýst frá og með _____ til og með _____ og var samþykkt í sveitarstjórn _____

Þingeyjarsveitar þann _____ 2015

_____ sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af

Skipulagsstofnun þann _____

Auglýsing um gildistöku birtist í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____ nr. _____

9. september 2015

hornsteinar

vinnustofa Ingólfstræti 5 101 Reykjavík

netfang: hornsteinar@hornsteinar.is